Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Sigtúni 42 | Sími 553 5900
barnaheill.is | Facebook | Instagram

Barnaheill

Dómsmálaráðuneytið
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

16. nóvember 2026

Reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og ríkisborgararétt

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi við mál nr. S-225/2026 í samráðsgátt stjórnvalda

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa miklum áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum á tekjuviðmiðum vegna umsókna um dvalarleyfi og ríkisborgararétt. Breytingarnar myndu leggjast af miklum þunga á fjölskyldur, en ekki virðist hafa farið fram mat á áhrifum á börn. Barnaheill hvetja ráðuneytið til að draga tillöguna til baka svo hægt sé að greina betur áhrif breytinganna á börn og endurhugsa þær þannig að styðji betur við viðkvæma hópa og þau ótalmörgu kerfi hins opinbera sem treysta á vinnuframlag innflytjenda til að halda uppi velferð í samfélaginu.

Samhliða því að drögin voru birt í samráðsgátt birti ráðuneytið frétt á vef sínum („Raunhæf framfærsluskilyrði fyrir umsóknir um dvalarleyfi“) þar sem fram koma þær upphæðir sem um ræðir. Sá hluti sem snýr að fjölskyldum með börn sést hér að neðan:

Fjölskylda	Í dag	Með reglugerðinni
Einstætt foreldri með 1 barn	259.951	651.541
Einstætt foreldri með 2 börn	259.951	801.897
Hjón með 1 barn	415.922	952.253
Hjón með 2 börn	415.922	1.102.609
Hjón með 3 börn	415.922	1.252.964

Með því að velja nýtt viðmið er lagt til að barnafólk þurfi að sýna tvö- til þrefalda framfærslu frá því sem er í dag. Núverandi viðmið byggja á skilgreindu framfærslukerfi sveitarfélaga, en sé litið til framfærslukerfa ríkisins kemur ekki síður í ljós ósamræmi. Þannig eru grunnatvinnuleysisbætur með viðbót vegna framfærslu tveggja barna um 414 þúsund krónur, en samkvæmt reglugerðinni þyrfti einstætt foreldri með 2 börn að sýna fram á framfærslu upp á 801 þúsund krónur á mánuði. Erfitt er að sjá hvernig það teljast „raunhæf framfærsluskilyrði“ að krefjast tvöfalt hærri framfærslu af innflytjendum en ríkið áætlar að dugi fólki til framfærslu í atvinnuleysi.

Þá ber að geta þess að innflytjendur eru oft í láglaunastörfum sem leika lykilhlutverk í velferðar- og skólakerfunum. Ætla má að þessi hækkun útiloki stóra hópa þeirra frá því að geta sótt um dvalarleyfi eða ríkisborgararétt og því er ekki aðeins ástæða til að meta bein áhrif breytinganna á börn sem umsækjendur, heldur einnig að meta hvernig breyting af þessu tagi getur haft neikvæð áhrif á þau kerfi sem farsæld allra barna og fjölskyldna þeirra byggir á.

Virðingarfyllst,

Tótla I. Sæmundsdóttir
Framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi